

Ársskýrsla sundlaugarnefndar Kayakklúbbsins 2015

Hlutverk sundlaugarnefndar:

Setur upp æfingatöflu í samráði við stjórn, sér til að manna námskeið, félags- og nýliðaæfingar þó skal ávalt einn úr nefndinni mæta á félags- og nýliðaæfingar enda hafa þeir einir lykil að lauginni til að opna og ganga frá og læsa eftir æfingar. Sjá til þess að vel sé gengið um kjallarann og þann búnað sem þar er. Skila skýrslu til sundlaugastjóra fyrir 5. hvers mánaðar og sjá til þess að hún sé rétt útfyllt.

Nefndin skili skýrslu til stjórnar fyrir aðalfund þar sem kemur fram fjöldi æfinga og þátttaka.

Nefndarmenn 2015 voru:

Magnús Sigurjónsson msigsmidur@gmail.com

Hörður Kristinsson

Sveinn Axel Sveinsson

Guðni Páll Viktorsson

Lárus Guðmundsson

Gísli Friðgeirsson

Ellen Halldórsdóttir Thor

Störf nefndarinnar voru samkvæmt venju að halda æfingar í sundlaugunum í Laugardal. Æfingarnar þetta árið urðu 21 talsins, mætingin í laugina var misjöfn eins og gengur og gerist. Nákvæm skráning á þátttakendum er ekki lengur framkvæmd en var að jafnaði um 15 manns á hverri æfingu.

Boðið var upp á sérstakar æfingar með nýliða í huga, en var hætt eftir 3-4 æfingar þar sem áhuginn var lítill.

Nýliðun í sportið er undir væntingum þetta árið á æfingum og er það eitthvað sem þarf að skoða vel.

Einn nýr nefndarmaður bættist inn sem er Gísli Friðgeirsson.

4 námskeið voru haldin á vegum nefndarinnar og sóttu þau 30 manns, sem er sbr. fjöldi og í fyrra.

Okkur er upp á lagt að ganga vel um laugina, mæta með hreina kayaka og ganga vel frá í lok æfingar. Í ár var þetta til mikillar fyrirmyndar.

Við þökkum fyrir þáttökuna á árinu og vonumst til að sjá sem flesta í lauginni á þessu ári.

Við viljum hvetja menn til að nota vel þessar æfingar því þetta er ómetanleg reynsla þegar einhvað gerist við alvöru aðstæður, þá er of seint að æfa sig.

Fyrir hönd sundlaugarnefndar

Magnús Sigurjónsson

